

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Deiliskipulag frístundalóða í landi Heiðarbæjar 2.*
Deiliskipulagið nær til tveggja 1,5 ha frístundalóða, lóðanr. 170186 og 222397. Heimilt er að reisa 250 m² frístundahús á lóðunum ásamt 30 m² aukahúsi. Hámarkshæð húsa er 6 m. Samþykkt í sveitarstjórn 29. apríl 2016.
2. *Deiliskipulagsbreyting, Friðlandið við Gullfoss, Brattholt, lóð 193452.*
Breytingin felur í sér stækkun á byggingarreit söluskálans Gullfoss kaffis til suðvesturs. Svæði undir sorpgáma færir um 10 m til suðvesturs í takt við stækkunina. Samþykkt í sveitarstjórn 29. apríl 2016.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 27. júní 2016.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 11. júlí 2016